

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.

8. fundur stjórnar 20.8.2019

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Kristján Þór Magnússon, Hafrún Olgeirs dóttir, Ásgeir Böðvarsson

Fundargerð

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsemi sumarsins hefur gengið ágætlega og er full nýting á rýmum, þ.e. í 9 dvalarrými og 31 hjúkrunarrými. Þó hefur verið aðeins erfitt að manna stöður hjúkrunarfræðinga við stofnunina.

2. Erindi frá Framsýn um greiðslu eingreiðslu til starfsmanna

Afstaða stjórnar Hvamms í því máli sem hér er um rætt er til samræmis við þau svör sem borist hafa frá sveitarfélögnum á svæðinu nú þegar. Formanni falið að svara Stéttarfélaginu Framsýn f.h. hönd stjórnar.

3. Ósk um upplýsingar varðandi ferli úthlutuna búseturéttaríbúða


Stjórn Hvamms hefur borist kvörtun frá aðstandanda umsóknaraðila um búseturétt vegna úthlutunar búseturéttaríbúðar í Hvammi og óskað er eftir því að fá upplýsingar um stjórnsýslulegan feril slíkra mála almennt sem og þessa mál sérstaklega, einng er óskað upplýsinga um það hvernig gæðamálum er háttað hjá stofnunni.

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnureglur við úthlutun íbúða í búseturéttarkerfi Hvamms sem og þann feril sem ofangreint mál hlaut. Stjórn telur mikilvægt að skýra betur fyrir umsækjendum þá formlegu vinnuferla sem unnið er eftir þegar rétti til búsetu er úthlutað. Erindið er tilefni til þess að verklagsreglur sem gilda um úthlutun búseturéttaríbúða verði birta þær á aðgengilegum stað á heimasíðu Hvamms. Framkvæmdastjóra og formanni er falið að svara erindisritara til samræmis við yfirferð málsins á fundinum. Framkvæmdastjóra sömuleiðis falið að leggja málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

4. Önnur mál

Rætt var um breytingar á aðstöðu sjúkraþjálfunar í Hvammi eru fyrirhugaðar í haust sem þýðir stækkun á aðstöðunni auch uppsetningu nýrra tækja. Mikilvægt er að sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfarar komi að þessu ferli.

Fundi slitið 15:50.


Hafrún Olgeirs dóttir
Kristján Þór Magnússon
Heiðbjört Ólafsdóttir
Jón Helgi Björnsson